

UMSÓKN UM BREYTINGU Á SJÓDFÉLAGALÁNUM

Umsækjandi: _____ Kt.: _____

Heimili: _____ Pnr.: _____ Staður: _____

Sími: _____ Gsm: _____ Netfang: _____

SÓTT ER UM:

Veðflutning

Nýr veðstaður: _____ Fastanúmer: _____

Eigandi eignar: _____

Skuldaraskipti

Núverandi greiðandi: _____ Kt.: _____

Ef nýr skuldari er ekki með lánsrétt í Almenna lífeyrissjóðnum þá fellur niður vaxtaálag/-afsláttur sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni og í staðin bætist við fast vaxtaálag sem er 1%

Skilmálabreytingu

Breyting á lánstíma _____ ár Fjöldi gjalddaga á ári _____ Greiðslujöfnun

Vaxtagjalddagar: _____ mánuðir, mest 24 mánuðir Frestun greiðslna í _____ mánuði, mest 12 mánuði

Annað: _____

Ástæða: _____

Veðleyfi

Ástæða: _____

Lýsing á veðleyfinu: _____

Almenni lífeyrissjóðurinn áskilur sér rétt til að hafna öllum beiðnum um breytingar.

Með undirritun minni samþykki ég að þær upplýsingar sem ég veiti í þessari umsókn séu vistaðar og skráðar í viðskiptasögu mína hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu lífeyrissjóðsins.



Smelltu hér til að skoða persónuverndarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins

Staður/dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Fylgiskjöl með umsókn vegna veðflutnings eða frestunar greiðslna

- Kaupsamningur/sölumat
- Greiðslukvittanir lána sem hvíla á undan, nýjasta staða lána
- Veðbókarvottorð
- Greiðslumat ef óskað er eftir frestun greiðslna í meiri en sex mánuði eða vegna veðflutnings lánsveðs

Umsóknarferill

1. Umsókn skilast á skrifstofu Almenna lífeyrissjóðsins á 5. hæð í Borgartúni 25.
2. Farið er yfir umsóknir og er afgreiðslutími áætlaður 5-10 virkir dagar.
3. Ef umsókn er samþykkt þá þarf að ná í skjölin til undirritunar.
4. Eftir að allir hlutaðeigandi aðilar hafa skrifað undir þá er skjölunum skilað aftur á skrifstofu Almenna lífeyrissjóðsins.
5. Almenni lífeyrissjóðurinn sér um að senda skjölin í þinglýsingu og getur það tekið allt að 10 daga.

SAMÞYKKI

FYRIR ÖFLUN OG NOTKUN LÁNSHÆFISMATS OG FJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA OG ANNARRA GAGNA

Ég undirritaður/undirrituð veiti Almenna lífeyrissjóðnum, kt. 450290-2549, fullt og ótakmarkað umboð til að afla upplýsinga um stöðu allra lána og annarra fjárskuldbindinga sem ég nú stend í við fjármálastofnanir og opinbera aðila ásamt öllum öðrum gögnum tengdum þeim fjárskuldbindingum, m.a. hvort þær séu í vanskilum eða komnar í innheimtu hjá þriðja aðila. Umboðið veitir sjóðnum jafnframt heimild til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. eða annars aðila sem heimild hefur til slíkrar gagnaöflunar og skilar yfirliti sem m.a. inniheldur framangreindar upplýsingar um fjárskuldbindingar mínar.

Umboð þetta veitir Almenna lífeyrissjóðnum einnig heimild til að sækja upplýsingar um lánsþæfismat mitt til Creditinfo Lánstrausts hf. Lánsþæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Lánsþæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og lánsþæfismats.

Einnig veitir umboðið Almenna lífeyrissjóðnum heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu (Umferðarstofa) eða þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra upplýsinga skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. nr. 77/2000. Þá er sjóðnum heimilt að afla annarra gagna sem nauðsynleg kunna að vera til framkvæmdar greiðslumats og ekki liggja þegar fyrir.

Ég undirritaður/undirrituð samþykki og heimila að framangreindar upplýsingar verði nýttar og sóttar í tengslum við ákvörðunartöku um lánsviðskipti, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti enda hafi Almenni lífeyrissjóðurinn lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga skv. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Samþykki þetta fellur úr gildi þegar lánsviðskiptum aðila lýkur. Fram til þess tíma hefur Almenni lífeyrissjóðurinn heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari. Heimilt er einnig að afturkalla samþykki þetta að því marki sem sjóðnum er ekki nauðsynlegt að afla umræddra gagna vegna lánsviðskipta sem ekki er lokið og tekur afturköllun gildi 30 dögum eftir að sjóðurinn hefur sannanlega mótttekið skriflega afturköllun.

Með undirritun minni samþykki ég að þær upplýsingar sem ég veiti í þessari umsókn séu vistaðar og skráðar í viðskiptasögu mína hjá Almenna lífeyrissjóðnum. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu lífeyrissjóðsins.



**Smelltu hér til að skoða persónuverndar-
stefnu Almenna lífeyrissjóðsins**